
FUNDARGERÐ

Fundur: Orkuspárnefnd 2007-02
Fundartími: Mánudagur 5. nóvember 2007 kl. 10:00-12:00
Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi 9

Fundarefni:

- 1) Breytingar á skipan nefndarinnar.
- 2) Almennar forsendur.
- 3) Vinnuhópar.
- 4) Raforkunotkun á fyrstu 9 mánuðum ársins.
- 5) Notkun eldsneytis árið 2006.
- 6) Sviðsmyndir á netið.
- 7) Áætlun um vinnu á árinu 2008.
- 8) Önnur mál.

Fundinn sátu:

Orkuspárnefnd: Ragnheiður Inga Þórarinsdóttir
Arnar Þór Sveinsson
Sigurður Ágústsson
Magnús Ásgeirsson
Eiríkur Bogason
Ágústa S. Loftsdóttir

Verkfræðistofan Afl: Jón Vilhjálmsson

Fjarverandi: Magnús Magnússon
Haukur Ingibergsson

- 1) Ein breyting breytingar hefur orðið á skipan nefndarinnar frá síðasta fundi eða að Arnar Þór Sveinsson hefur tekið við sem fulltrúi Fjármálaráðuneytis. Einnig var ákveðið að senda fundarboð orkuspárnefndar á formenn hópa sem ákveða þá sjálfir hvort þeir telji að ástæða sé fyrir þá að mæta.
- 2) JV sagði að ekki hefði verið uppfærð skýrsla um almennar forsendur núna í samræmi við það sem ákveðið var á síðasta fundi. Hann sagði að einungis hefðu forsendur í líkönum sem notuð eru við endurreikning raforkuspár verið uppfærðar. Mun minni vinna hefði því farið í þennan þátt en á síðustu árum en hann taldi mikilvægt að nefndin skráði og rökstuddi þær almennu forsendur sem væru notaðar í starfinu. JV sýndi einnig samanburð á hagvaxtarþám fyrir næstu ár frá Fjármálaráðuneyti, Seðlabankanaum, viðskiptabönkunum og ASÍ og sagði að ótrúlega mikill munur væri á milli þessara áætlana en það skiptir verulegu máli hvaða forsendur væru notaðar í orkuspám varðandi hagvöxt.
- 3) JV fór yfir störf raforkuhóps og sagði að hópurinn hefði haldið þrjá fundi frá því nefndin kom síðast saman. Endurreikningi raforkuspár lauk í sumar í samræmi við áætlun og er þetta í annað skipti sem tekst að ljúka endurreikningi þetta

snemma. Erfiðleikar við að safna saman gögnum liðins árs hafa þó valdið erfiðleikum en vonandi fara þeir þættir að komast í betra horft svo auðveldara verði að ganga frá spánni í byrjun sumars. Stefnt væri að því að byrja vinnu við athugun á áhrifum hitastigs á raforkunotkun í desember og nýta þá peninga sem eru eftir í áætlun hópsins til þess. ÁSL fór yfir störf eldsneytishóps en hann hefur haldið einn fund frá því að nefndin kom síðast saman. Mikil vinna hefur farið í að skilgreina nýja flokkun eldsneytisnotkunar og á grundvelli breytinga á lögum um Orkustofnun hefur loksins tekist að fá ný gögn frá olúfélögunum. Nú liggja fyrir gögn um árið 2006 og eru það fyrstu gögn sem fengist hafa allt frá árinu 2002. Nú voru einnig að berast gögn fyrir árin 2003-2005. Á næsta ári á skv. áætlun að endurskoða eldsneytisspána frá grunni. Einnig benti ÁSL á að nokkur breyting varð á flokkun eldsneytis þar sem framvegis verður ekki safnað gögnum um eldsneytiskaup íslenskra aðila erlendis. Hún dreifði einu blaði um þessa breytingu á flokkun eldsneytis. Nokkur umræða varð um kaup íslenskra félaga á eldsneyti erlendis og hvort þörf væri fyrir slík gögn. ÁSL sagði einnig að mikilvægt væri að koma með nýja eldsneytisspá sem fyrst þar sem mikill þrýstingur væri á hana um að koma með nýja spá frá ýmsum aðilum.

- 4) JV fór yfir raforkunotkun á fyrstu níu mánuðum ársins og sýndi töflur sem settar verða á heimasíðu orkuspárnefndar í vikunni. Raforkuvinnslan hefur aukist um 19,6% frá sama tíma árið 2006 en flutningstöp hafa aukist um 21,0%. Mikil aukning í flutningstöpum á 3. ársfjórðungi stafar væntanlega af miklum flutningum austur á land þar sem Kárahnjúkavirkjun er ekki komin í rekstur en uppkeyrsla er hafin á álveri Fjarðaáls. Stórnotkun hefur aukist um 28,0% en almenn notkun um 4,0%. Ótryggð orka hefur minnkað um 0,8% á meðan forgangsorkan jókst um 4,7%. JV benti á að ótryggð orka hefur verið skert á Austurlandi vegna mikilla flutninga þangað. Nokkur breyting er á hitafari milli ára en 1. ársfjórðungur var mun kaldari en árið á undan á meðan 2. ársfjórðungur var nokkuð hlýrri og þriðji ársfjórðungur var síðan heldur kaldari en árið á undan. Hitastigleiðrétting hefur því nokkur áhrif og verður aukning forgangsorku eftir leiðréttingu 4,4% og munur á milli ársfjórðunga minnkar. JV benti á að notkun við framkvæmdir á Austurlandi væri lítið farin að minnka. Einnig sagði hann að nú væru farin að berast gögn frá Netorku og væru því flest öll orkuver komin inn fyrir fyrstu níu mánuðina þar meðtaldar flestar dísilstöðvar og smávirkanir. Þetta hefði hækkað vinnsluna um nálægt 1 GWh/mánuði.
- 5) ÁSL ræddi um söfnun gagna um eldsneytisnotkun ársins 2006 og sagði að veruleg vinna væri við að safna gögnunum saman. Einnig sagði hún að á næsta ári þyrfti að útbúa reglugerð varðandi þessa gagnasöfnun og koma á söfnun gagna um eiginleika eldsneytisins.
- 6) RÍP rakti hugmyndir Orkustofnunar um að setja reiknilíkan á vef stofnunarinnar þar sem hægt væri að reikna út eldsneytisnotkun fyrir mismunandi sviðsmyndir um þróun þjóðfélagsins. ÁSL sagði að þetta yrði haft í huga þegar útbúin verður ný eldsneytisspá á næsta ári.

- 7) JV fór yfir áætlanir um vinnu fyrir orkuspárnefnd á næsta ári og sagði að miðað væri við í áætluninni að raforkuhópur og eldsneytishópur tækju að sér að vinna hluta af almennu forsendunum og væri gert ráð fyrir 100 tímum hjá hvorum hóp fyrir slíkt. Raforkuhópur er að fara yfir áætlun um starf hans á næsta ári og eru þær breytingar þar að 100 tímar bætast við vegna almennra forsendna og gert er ráð fyrir að vinna nýja áætlun um áhrif lofthita á raforkunotkun. Einnig liggur fyrir áætlun um vinnu fyrir eldsneytishópinn þar sem gert er ráð fyrir að unnin verði ný spá á næsta ári. RÍP sagði að Orkustofnun mundi fara yfir áætlunina.
- 8) JV sagðist að oft hefði verið rætt í nefndinni að þörf væri á að fá nýjar tölur um íbúðatíðni eftir aldri og kyni til að bæta spár um þróun íbúðarhúsnæðis. Hann sagðist hafa kannað hvort Landsbanki Íslands hefði áhuga á að koma að slíkri athugun og þá fjármagna hana að stórum hluta. Hann sagðist ekki vera búinn að fá endanlegt svar frá þeim en þeir væru áhugasamir. Hugmyndin væri þá að mynda hóp til að stýra þeirri vinnu með fulltrúum frá Landsbanka Íslands, orkuspárnefnd, Fasteignamati ríkisins og Hagstofu Íslands. Miðað yrði við að niðurstöður þeirrar vinnu yrðu gefnar út og þannig öllum aðgengilegar. Samþykkt var að orkuspárnefnd tæki þátt í þessari vinnu ef af henni yrði. RÍP kynnti þá nýjan starfsmann Orkustofnunar, Jónas Ketilsson, fyrir nefndinni og sagði að hann ætti m.a. að sjá um jarðvarmahóp orkuspárnefndar. Fundarmenn buðu hann velkominn til starfa.

Fleira ekki gert. Næsti fundur ákveðinn 1. febrúar 2008. Fundi slitið kl. 12:00.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

- Eitt blað um olíunotkun (ÁSL)

Sýnt var en ekki dreift:

- Tafla um hagspár banka, ráðuneyta og samtaka.
- Minnisblað vegna fundar orkuspárnefndar 5. nóvember 2007. Eldsneytishópur orkuspárnefndar.
- Töflur um raforkunotkun á fyrstu 9 mánuðum ársins.
- Vinna fyrir orkuspárnefnd. Verkefnishandbók.